

B+

BLAÐ BIBLIUFÉLAGSINS
FIMMTUDAGUR 5. FEBRÚAR 2026



Hugsjón biblíufélaganna um heim allan er að gera fólki kleift að lesa heilaga ritningu á sínu móðurmáli. Hér fá **Samar** afhent formlega Nýja testamentið á suðursamísku, en þýðing þess var sameiginlegt verkefni norska og sænska biblíufélagsins og lauk 2024.

LEIÐARI

Halldór Elías Guðmundsson

Mótun tungumáls

Allar biblíupýðingar þurfa að endurspegla frumtexta Biblíunnar og tryggja jafnframt að textinn sé skiljanlegur á viðtökumálinu. Þetta verkefni er sístætt og flókið. Tungumál breytast stöðugt, sum orð öðlast nýja merkingu, önnur hverfa úr málinu og ný orð verða til.

Orðaforði 15 ára stálps er annars konar en 78 ára karlmanns. Orðfæri í dómsal er annars konar en orðfæri í íþróttasal.

Þegar kemur að biblíupýðingum þarf því að svara fjölmörgum spurningum um frumtextann. Hvar var textinn skrifaður? Hverjir voru áheyrendur í upphafi? Hvers konar orðafar er á upprunalega textanum?

Á sama hátt þurfum við að spyrja fyrir hverja er þýtt. Er textinn ætlaður fyrir hátíðlegt

Þegar tungumálið breytist, þegar orðafarið þróast, þá erum við kölluð til að gera Biblíuna aðgengilega enn á ný.

helgihald eða fyrir biblíulestur í skógarrjóðri á Ástjörn? Á textinn að vera skiljanlegur 15 ára stálpi eða 78 ára karlmanni?

Þetta eru erfiðar spurningar, enda er texti Biblíunnar texti flestra okkar. Við sem eldri erum ólumst sum upp við sögurnar, lærðum minnisvers, vitum í hjarta okkar hvernig textinn á að hljóma. Þegar við heyrum jólaguðspjallið þekjum við hvert einasta orð. Við hvíslum jafnvel með þegar lesið er „fæddi hún þá son sinn frumgetinn, vafði hann reifum og lagði hann í jötu.“

Í áhugaverðri meistaraprófsritgerð Erlu Lindar Þórisdóttur, „Orðaþróskuldur íslenskra grunnskólanemenda á miðstigi“, vísar hún til fjölmargra rannsókna sem benda til að nauðsynlegt sé að skilja „98% orða í texta til að ná 70% árangri á lesskilningsprófi“.

Við þurfum því að þekkja 49 af hverjum 50 orðum sem birtast

í textanum til að skilja sæmilega það sem við lesum. Ef við yfirfærum þetta á jólaguðspjallið, Lúkasarguðspjall 2.1-14, sem er 224 orð, þá verður textinn illskiljanlegur ef fleiri en fimm orð í textanum eru óskiljanleg.

Við sem eldri erum höfum séð myndir af *jötum* og *reifuðum* börnum og vitum hvað átt er við. Við myndum líklega ekki nota orðið *frumgetinn* í daglegu máli en höfum einhverja hugmynd um merkinguna. Við könnumst við gömlu fleirtöluna, *yður* og *þér*, sem við reyndar köllum þér, og skiljum því englamálið í guðspjallinu þó að okkur finnst undarlegt

að nota orðið *lýður* í jákvæðri merkingu. Þegar við heyrum orðin *í sömu svipan*, þá hverfur hugur minnar kynslóðar til Indiana Jones, en við vitum samt hvað það þýðir. Fyrir flest okkar eru *upphæðir* ekki tilvísun til guðsríkisins, heldur eitthvað sem tengist fjármálum.

Orðið *heitkona* er líka í textanum. Ég er ekki viss um að börnin mín skilji það á sama hátt og ég, enda eru þau undir sterkum enskuáhrifum. Biblíufélagið glímir við sístætt verkefni. Markmið okkar er að vinna að útgáfu, útbreiðslu og notkun Biblíunnar á Íslandi. Þegar tungumálið breytist, þegar orðafarið þróast, þá erum við kölluð til að gera Biblíuna aðgengilega enn á ný. Forverar okkar í félaginu voru meðvitaðir um þetta og Biblían hefur verið þýdd í heild eða að hluta margoft frá árinu 1584.

Samstarfsaðilar okkar á hinum Norðurlöndunum hafa á undanförnum árum ráðist í vandaðar þýðingar til að bregðast við hröðum breytingum á sínum eigin málum, hvort sem það er finnska, danska, norska eða sænska. Á næstu misserum mun Hið íslenska biblíufélag standa að tilraunapýðingum á völdum ritum Biblíunnar úr frummálunum, grísku og hebresku, eins og fjallað er um hér í blaðinu.

Ef texti Biblíunnar á að vera aðgengilegur næstu kynslóðum á íslensku, þá þurfum við á þínum stuðningi að halda. Taktu þátt með því að styðja við fyrsta skrefið á langri leið, tilraunapýðingu á Markúsarguðspjalli.

Ný biblíupýðing á íslensku

Hið íslenska biblíufélag hefur ákveðið að ráðast í tilraunapýðingu á völdum ritum Biblíunnar á nútímalegri íslensku. Í upphafi verður horft til Nýja testamentisins og nú í vor verður hafist handa við að þýða Markúsarguðspjall.

Á síðustu árum hefur verið rætt innan Hins íslenska biblíufélags hvort þörf væri á nýrri biblíupýðingu. Umræðan hefur tengst almennri þjóðfélagsumræðu um breytingar á íslensku máli og rannsóknum á lesfærni og lesskilningi Íslendinga. Svipuð umræða hefur verið í gangi hjá systurfélögum okkar á hinum Norðurlöndunum. Danska biblíufélagið gaf t.d. út *Bibelen 2020* fyrir nokkrum árum og á svipuðum tíma gaf finnska biblíufélagið út nýja þýðingu á Nýja testamentinu, *UT2020*.

Í báðum tilvikum var um að ræða þýðingu þar sem áhersla var lögð á skiljanleika textans en minni áhersla á hefðbundið kirkjulegt orðfæri. Þannig eru eldri þýðingar á finnsku og dönsku enn notaðar í helgihaldi kirkjunnar, en nýju þýðingarnar njóta þó vaxandi vinsælda, sér í lagi í Finnlandi.

Hið íslenska biblíufélag hefur nú ákveðið að feta í fótspor systurfélaga sinna og ráðast í nýþýðingu í tilraunaskini á einstökum Biblíurítum. Í upphafi verður horft til Nýja testamentisins og nú í vor verður hafist handa við að þýða Markúsarguðspjall. Verkefnið verður unnið af sérfræðingum á sviði forn mála og í náinni samvinnu við rithöfund sem vinna mun að endanlegri gerð textans. Þá mun biblíufélagið leita til valins hóps fólks á öllum aldri um að veita umsagnir um þýðinguna á öllum stigum hennar.

Ný þýðing á einstökum ritum Biblíunnar á aðgengilegu og nútímalegu máli verður góður upphafspunktur fyrir alla sem eru óvanir að lesa trúarlega texta og eru ekki vel kunnugir máli kirkjunnar og heilagrar ritningar. Einnig má gera ráð fyrir að þeir sem þekkja textana vel upplifi þá á alveg nýjan hátt og uppgötvu jafnvel blæbrigði sem þeir hafa aldrei áður tekið eftir.

Þýðing Biblíunnar er kostnaðarsöm og mun íslenska biblíufélagið sinna verkefninu eftir því sem fjárhagur leyfir hverju sinni. Því leitum við til almennings, trúfélaga og kirkjusafnaða um að

styðja verkefnið í tengslum við biblíudaginn 2026, sem nú ber upp á sunnudaginn 8. febrúar.

Danska þýðingin Bibelen 2020

Bibelen 2020 er ný heildarþýðing Biblíunnar á alþýðumáli, unnin af sérfræðingum í grísku og hebresku og ritstýrð af höfundum og málfræðingum með fagþekkingu á dönsku nútímamáli. Þetta er í fyrsta sinn síðan 1992 sem Danir eignast nýja heildarþýðingu á Biblíunni.

Danska félagið fékk um 500 sjálfboðaliða á aldrinum 13 til 85 ára til að lesa textann áður en hann var gefinn formlega út. Þau sem komu að verkefninu horfðu sérstaklega til fjögurra þátta. Biblíutextinn þyrfti að vera:

- Skiljanlegur, án þarfar á athugasemdom eða hjálpartexta.
- Á góðu máli, án slangurs.
- Fallegur, helst ljóðrænn, en ekki gamaldags.
- Mjög fjölbreyttur þar sem mismunandi gerðir textans væru virtar.

Danska þýðingin átti ekki að vera bundin af kirkjumáli og sálmahefð. Í staðinn miðaðist hún við að endurskapa merkingu frumtextanna með orðum og orðasamböndum sem almennt eru skiljanleg á nútímadönsku. Þá var lögð á það áhersla að hún hentaði vel til upplestrar og að þýðing einstakra rita endurspeglaði með greinilegum hætti ólíkar gerðir biblíutextans.

Finnska þýðingin UT2020

Þýðing finnska biblíufélagsins á Nýja testamentinu úr grísku lauk í október 2020. Hún er ætluð fólki á öllum aldri sem vill lesa eða hlusta á Nýja testamentið, og er hún hönnuð alveg sérstaklega með lesvenjur snjallsímanotenda í huga. „UT2020 markaði nýja stefnu í biblíupýðingum,“ segir dr. Seppo Sipilä, þýðingarráðgjafi hjá Saminuðu biblíufélögum (United Bible Societies). „Á síðastliðnum árum höfum við orðið æ meðvit-

aðri um áskoranir stafrænu byltíngarinnar fyrir útgáfu Biblíunnar frá sjónarhóli notandans.“

Í stað þess að þýða Biblíuna og gefa fyrst út á prenti, áður en hún yrði síðan færð á stafrænt form, var ákveðið að horfa sérstaklega til stafrænnar notkunar textans. Tekið var tillit til notendaumhverfisins og notendaupplifunar í þýðingarferlinu strax í upphafi. Orðfærið sem notað var í þýðingunni var sama orðfæri og notað er í stafræna heiminum. Horft var sérstaklega til setningabyggingar og lengdar setninga.

Dr. Markku Kotilla sem sat í þýðingarteyminu benti á í þessu sambandi að megnið af Nýja testamentinu væri á „venjulegu“ máli. Aðeins örfá dæmi væru um orðfæri í Nýja testamentinu sem væri ekki hluti af daglegu samtímamáli. „Jesús notaði ekki trúarlegt fagmál,“ segir Markku.

Lauri Thurén, prófessor við Háskólann í Austur-Finnlandi, tekur undir þetta og segir: „Það kynni að koma mörgum á óvart að það er ekkert heilagt eða stíft við frumtexta Biblíunnar.“

Markmið finnsku þýðingarinnar var frá upphafi að lesandinn þyrfti ekki á aðstoð orðabókar að halda eða Google til að njóta ritningartextans. Áður en vinnan hófst varði finnska biblíufélagið miklum tíma í að framkvæma bakgrunnsrannsóknir og móta nýjar þýðingarreglur. Þýðingin mótaðist sérstaklega af tungumáli ungs fólks á aldrinum 15 til 25 ára og var „tilbúinn“ einstaklingur valinn til að vera kjörlesandi þýðingarinnar, en það er Elísa, liðlega tvítugur hjúkrunarfræðinemi í Helsinki. Í gegnum allt þýðingarferlið var þetta leiðarljósið: „Hvað ætli Elísu finnst um þetta?“

Þó að nýja þýðingin hafi verið hugsuð til persónulegrar notkunar og ekki miðuð sérstaklega við helgihald kirkjunnar, þá ákvað lútherska kirkjan í Finnlandi síðasta haust að leyfa notkun hennar í helgihaldi safnaðanna í tilraunaskyni næstu tvö árin.



BLAÐ BIBLÍUFÉLAGSINS

FIMMTUDAGUR 5. FEBRÚAR 2026

Útgefandi Hið íslenska biblíufélag, Borgartúni 26, 105 Reykjavík
Ábyrgðarmaður Grétar Halldór Gunnarsson
Prentun Landsprent

Forseti Hins íslenska biblíufélags Guðrún Karls Helgudóttir, biskup Íslands
Aðrir í stjórn félagsins Fjalar Freyr Einarsson, Grétar Halldór Gunnarsson, Guðni Már Harðarson, Irma Sjöfn Óskarsdóttir, Karítas Hrunnar Pálsdóttir, Kristján Þór Gunnarsson, Matthias Guðmundsson, Sveinn Valgeirsson
Framkvæmdastjóri Halldór Elías Guðmundsson
Netfang hib@biblian.is
Veffang www.biblian.is



Altarisbiblía í Hallgrímskirkju á Skólavörðuhæð.

Biblíudagurinn er sunnudaginn 8. febrúar

Biblíudagurinn er haldinn hátíðlegur á hverju ári annan sunnudag í níuviknafostu, sem að þessu sinni er 8. febrúar. Guðspjall þessa dags er um sáðmanninn sem gekk út að sá (Lúkasarguðspjall 8).

Hefð er fyrir því að taka samskot í kirkjum landsins og kristnum trúfélögum þennan dag til stuðnings Hinu íslenska biblíufélagi.

Biblíufélagið á sér langa hefð, en það er elsta starfandi félag á Íslandi, stofnað 10. júlí 1815. Markmið þess hefur ætíð verið hið sama, að vinna að útgáfu, útbreiðslu og notkun Biblíunnar.

Félagið er opið öllu kristnu fólki úr öllum kristnum trúfélögum og kirkjum, og heitum við á allt gott fólk að ganga til liðs við félagið á biblíudaginn til að efla starfsemi þess.

Félagið tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi biblíufélaga og hefur á liðnum árum staðið að fjáröflunum til að styðja útbreiðslu Guðs orðs, m.a. í Kína, á Haítí og í Sýrlandi.

Þá eru mörg brýn verkefni innanlands sem bíða félagsins, en ljóst er að þau verða fæst unnin nema með stuðningi félagsmanna og annarra velunnara.

Bakhjarlar Biblíunnar

Undanfarin ár hefur félagið leitað til dyggra félagsmanna um að koma í hóp rúmlega 300 bakhjarla Biblíunnar sem styðja starfsemina með mánaðarlegu framlagi. Með þessu eru meiri líkur á því að félagið geti ráðist í það stóra verkefni að tryggja að bók bókanna verði ekki undir í upplýsingabyltingunni.

Félagið hefur þegar hafist handa við að gera Biblíuna aðgengilega á íslensku á hvers kyns nýjum miðlum. Fólk er ekki alltaf með Biblíuna í vasanum, en flestir eru með síma í vasanum!

Með góðum samstarfsaðilum hefur félagið nú þegar látið útbúa efni úr Biblíunni handa börnum á snjalltækjum, gert Biblíuna í heild aðgengilega á snjallforritum og komið hljóðbók hennar á framfæri á öllum helstu hljóðbókarveitum. En betur má ef duga skal og okkar bíða fleiri verkefni til að bregðast við tæknibyltingunni. Til þess að það sé unnt þarf félagið á fleiri bakhjörlum að halda. Hið íslenska biblíufélag býður þér að vera bakhjarl Biblíunnar:

→ biblian.is/bakhjarl-bibliunnar/



Nýtt og einfaldara app

Hið íslenska biblíufélag hefur í samstarfi við bandaríska biblíufélagið látið útbúa einfalt snjallforrit sem inniheldur íslensku biblíuþýðingarnar frá 1981 og 2007 ásamt hljóðbók Biblíunnar sem kom út árið 2024. Um er að ræða einfalt og aðgengilegt app sem hentar sérstaklega vel til að hlusta á hljóðbók Biblíunnar.

Biblíufélagið vinnur að sjálf-sögðu áfram með *Youversion* og *bible.com*, en þetta nýja snjallforrit er hugsað fyrir þá sem vilja einfaldara og aðgengilegra viðmót.

Appið er ókeypis og er aðgengilegt fyrir iPhone, iPad, Android-síma og spjaldtölvur. Nánari upplýsingar má finna á vef félagsins.



Aftur fáanleg í mjúku bandi

Biblíufélagið hefur endurútgefið Biblíuna í mjúku bandi, þá sömu og kom út hjá JPV-útgáfu 2007, með gyllingu á blaðsíðendum. Um er að ræða mjög vandaða prentútgáfu sem er fáanleg í þremur litum, hvítum, rauðum og svörtum. Í bókunum eru átta blaðsíður með litprentuðum kortum, tímatal, orðaskýringar og mikilvægir ritningarstaðir. Þá er einn lesborði í bókunum og þær eru alls 1872 blaðsíður. Bækurnar eru þegar komnar í sölu.

Biblían komin á Spotify

Nú er hægt að hlusta á hljóðbók Biblíunnar á íslensku á Spotify, en streymisveitan opnaði hljóðbókaráskrift 18. nóvember síðastliðinn fyrir notendur sína, m.a. í Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi, Mónakó og á Íslandi. Spotify Premium-notendur geta hlustað endurgjaldslaust í allt að 12 klukkustundir á mánuði.

Einnig er hægt að kaupa Biblíuna á Spotify, ýmist í heild eða einstök rit.

Allar útgáfur Biblíunnar til sýnis í Vestmannaeyjum

Á safnadeginum í fyrra, sunnudaginn 18. maí, var nýr og sérútbúinn fágætissalur opnaður í Safnahúsi Vestmannaeyja við Kirkjuveg.

Þar var eitt merkilegasta fágætisbókasafn landsins opnað almenningi, en uppistaðan í því er um 1.500 bækur sem Ágúst Einarsson, fyrrverandi prófessor og rektor á Bifröst, hefur gefið Bókasafni Vestmannaeyja. Í fágætissafninu má meðal annars finna allar útgáfur Biblíunnar frá Guðbrandsbiblíu (1584), Þorláksbiblíu (1644) og Steinsbiblíu (1728) að telja. Elsta bókin í safninu er vögguprent frá 1498.

Þá eru einnig í fágætissalnum 37 málverk eftir Jóhannes Kjarval en Vestmannaeyjabær mun eiga

eitt stærsta safn Kjarvalsverka sem loksins verða gerð aðgengileg á varanlegri sýningu.

Jafnframt prýða veggir sérstaks áttahagarmis verk eftir Júlíönu Sveinsdóttur með rösklega 2.000 bókum og blöðum, auk Íslands-korta frá því um 1570.

Dagskrá safnadagsins hófst í Ráðhúsi Vestmannaeyja klukkan hálf tvö. Að henni lokinni gengu gestir yfir í Safnahúsið þar sem menningarmálaráðherra, Logi Einarsson, opnaði fágætissalinn formlega. Biskup Íslands og forseti Hins íslenska biblíufélags, Guðrún Karls Helgudóttir, opnaði biblíusýninguna ásamt dómsmálaráðherra, Þorbjörgu Sigríði Gunnlaugsdóttur.



Safnahús Vestmannaeyja að Kirkjuvegi 52. Mynd: Vestmannaeyjabær.

Fjáröflun fyrir Pókot og Haítí hefur gengið vel

Biblíufélagið stóð að tveimur fjáröflunum nú í haust, annars vegar fyrir Pókot-samfélagið í Keníu, hins vegar Haítí.

Pókót-samfélagið er Íslendingum að góðu kunnugt, en þeir hafa stutt dyggilega kristni-boðs- og hjálparstarfið þar síðan árið 1978. Pókot-hérað liggur á landamærum Keníu og Úganda og var safnað til kaupa á Biblíum. Söfnunin hófst í ágúst og um miðjan nóvember höfðu safnast 491.000 krónur sem nú hafa verið afhentar Sambandi íslenskra kristniboðsfélaga.

Í desember tók Kristniboðssambandið þátt í fræðslunámskeiðum fyrir sunnudagaskólakennara hjá ELCK-kirkjunni í Kapenguria í Pókot. Samskonar námskeið var haldið í Chesta í Kerio Valley-biskupsdæminu nú í janúar. Í tengslum við námskeiðið hefur starfsfólk kirknanna fengið Nýja testamentið á móðurmáli sínu.

Jóla ljós á Haítí

Jólasöfnunin rann til systurfélags okkar á Haítí, en markmiðið var að gefa 10.000 barnabiblíur til yngri barna ásamt litlu leikfangi. Þetta er annað árið í röð sem jólasöfn-

unin er látin renna til Haítí, en þar ríkir mikil neyð. Um leið og brýn þörf er á hvers kyns neyðaraðstoð í landinu er einnig mikilvægt að leyfa börnum að upplifa gleði og von. Af þeim sökum ákvað Hið íslenska biblíufélag að styrkja þetta verkefni aftur þessi jöl.

Ástandið á Haítí er ennþá grafalvarlegt, og til að bæta gráu ofan á svart skall fellibylurinn Melissa á landið í nóvember síðastliðnum. Fjölskyldur hafa þurft að flýja heimili sín og leita hjálpar í neyðarskýlum, skólum og kirkjum. Íbúa skortir mat, vatn og von um betri framtíð. Daginn fyrir þrettándann, 5. janúar, höfðu safnast rétt rúmlega 637.000 krónur.

Um leið og biblíufélagið þakkar af heilum hug öllum sem gefið hafa rausnarlega til fjáröflunarinnar viljum við benda á að ennþá er hægt að styrkja bæði verkefnið á vef félagsins á slóðinni *biblian.is/studningur/*. Einnig má leggja inn á reikning félagsins 0101-26-003555 (kennitala: 620169-7739).

Ef greitt er með millifærslu er mikilvægt að merkja greiðsluna verkefninu sem stutt er, Pókót eða Haítí.

” Hlj 3.22-23

Náð Drottins er ekki þrotin, miskunn hans ekki á enda, hún er ný á hverjum morgni.

“



BIBLIÚSÖGUR

Fyrirgefning

Kristján Valur Ingólfsson, fyrrverandi vígslubiskup, segir að fyrirgefningin sé gefin okkur til þess að gefa hana öðrum.

Guðspjöllin eru meðal annars sett saman úr órstuttum sögum og svipmyndum sem auðvelt er að muna og endursegja, og svo eru þær tengdar með útskýringum og fróðleik um trúna á þann Guð sem birtist okkur í Jesú Kristi.

Í Markúsarguðspjalli 2.1-12 er ein af þessum eftirminnilegu frásögnum. Fjórir vinir bera þann fimmta sem lá lamaður í rúmi sínu til hússins þar sem Jesús var í þeim tilgangi að biðja hann að lækna hann. Þegar þeir komust ekki inn í húsið vegna þess að það var troðfullt og löng röð úti fyrir, brugðu þeir á það ráð að dröslast með manninn í rúminu upp á þak, gera gat á þakið, binda bönd um rúmið og láta það síga með þeim lamaða niður á gólf fyrir framan Jesú. Jesús segir þá við lama manninn: „Syndir þínar eru fyrirgefna.“

Enginn nema Guð getur fyrirgefið syndir

Þessi orð féllu mörgum viðstöddum ekki í geð vegna þess að samkvæmt þeirra lærdómi gat enginn nema Guð fyrirgefið syndir. Þó að þeir segðu það ekki upphátt, þá vissi Jesús hvað þeir hugsuðu, og þess vegna segir hann: „Hví hugsist þið slíkt í hjörtum ykkar? Hvort er auðveldara að segja við lama manninn: Syndir þínar eru fyrirgefna, eða segja: Statt upp, tak rekkju þína

og gakk? En til þess að þið vitið að Mannssonurinn hefur vald til að fyrirgefa syndir á jörðu, þá segi ég ykkur: – og nú talar hann við lama manninn – „Statt upp, tak rekkju þína og far heim til þín.“ Maðurinn stóð upp, tók jafnskjótt rekkjuna og gekk burt í allra augsýn.

Þetta er einmitt svona dæmi um vinnubrögð guðspjallamanna: Fyrst kemur lítil og skemmtileg saga og svo kemur kennslustund og fróðleikur um Jesú og hér einnig um hina fjölbreytilegu tengingu líkamlegra og andlegra veikinda og um fyrirgefninguna í því samhengi.

Að skilningi Hallgríms Péturssonar og samtíma hans var fyrirgefning syndanna, eins og hjá fróðum áheyrendum Jesú samkvæmt guðspjallinu, eingöngu á valdi Guðs. Það er að segja fyrirgefning syndanna sem eru brot gegn vilja Guðs og enginn getur því fyrirgefið nema Guð einn. Brot einnar jarðneskrar persónu gagnvart annarri er synd vegna þess að æðsta boðorðið er að elska Guð og náungann, en í daglegu tali er það afbrot og misgjörð gagnvart náunganum, en ekki synd. Það er túlkun og skilningur síðari tíma. Þess vegna brugðust margir áheyrenda Jesú svona við eins og guðspjallið greinir frá og töldu Jesú vera guðlastara þegar hann sagði við lama manninn: Syndir þínar eru fyrirgefna. Engu að



Það er ekki maðurinn sem fyrirgefur, heldur orð Guðs sem er orð fyrirgefningarinnar.

siður höfum við, jafnt á dögum Hallgríms og nú og á öllum tímum, leyfi til að mæla fram orð fyrirgefningarinnar til þess sem iðrast. En það er ekki maðurinn sem fyrirgefur, heldur orð Guðs sem er orð fyrirgefningarinnar.

Þessi atburður er skráður til

þess að sýna að Jesús hefur þegið þetta umboð Guðs að fyrirgefa syndir og að samhljómur sé á milli líkama og anda, eða líkama og sálar, því að hér verður hið innra samhengi andlegrar og líkamlegrar neyðar sýnilegt. Orðið sem reisir hinn lamaða á fætur sýnir okkur það sem þegar hefur gerst með máttarorði syndafyrirgefningarinnar.

Jesús er sjálfur fyrirgefning Guðs

Pau sem standa umhverfis og sjá hinn lamaða fá mátt til að rísa á fætur og ganga eiga að fá að sjá að orð fyrirgefningar syndanna sem mælt er fram af myndugleika hins fullkomna umboðs Jesú Krists er ekki innihaldslaust orð, eða óraunveruleg huggun, heldur raunverulegur atburður sem hjálpar hinum hjálparlausa og frelsar hann til sálar og líkama. Því að fyrirgefningin, sem er sannarlega fyrst og fremst Guðs, er líka okkar. Með öðrum orðum: Jesús er sjálfur fyrirgefning Guðs í manninum Jesú, Guðs syni, og við eigum hlutdeild í henni. Í leyndardómi skírnar og kvöldmáltíðar mætum við og þiggjum fyrirgefningu Guðs. Við þiggjum hana alltaf sem sérstaka gjöf Guðs í Jesú Kristi. Það er þess vegna sem við segjum með orðum Jesú sjálfs á okkar eigin tungu: „Fyrirgef oss vorar skuldir svo sem vér og fyrirgefum vorum skuldunautum.“



Jesús læknar lama manninn, veggmálverk í dómkirkjunni í Parma á Ítalíu, Cattedrale di Santa Maria Assunta, eftir ítalska endurreisnarmálarann Lattanzio Gambara (1530–1574). Mynd: Shutterstock.

Fyrirgefningin er gefin okkur til þess að gefa hana öðrum. Eins og segir í Efesusbréfi 4.32: „Verið góð-viljuð hvert við annað, miskunn-söm, fús til að fyrirgefa hvert öðru eins og Guð hefur í Kristi fyrirgefið ykkur.“

Það sem Páll skrifar hér er endurómur af orðum Jesú Krists (Lúkasarguðspjall 17.3): „Ef bróðir þinn syndgar, þá ávita hann og ef hann sér að sér, þá fyrirgef honum.“ Og jafnframt: „Ef þið fyrirgefið mönnum misgjörðir þeirra þá mun og faðir ykkar him-neskur fyrirgefa ykkur. En ef þið fyrirgefið ekki öðrum mun faðir ykkar ekki heldur fyrirgefa mis-gjörðir ykkar“ (Matteusarguðspjall 6.14-15).

Fyrirgefningin hefur ekkert gildi nema hjá þeim sem hefur þörf fyrir hana, og þörfin verður ekki til nema hjá þeim sem horfast í augu við brot sín og yfirsjónir og sjá eftir þeim. Það er beinlínis grundvöllur sjálfsþekkingarinnar að horfast í augu við sjálfan sig og viðurkenna sig með kostum sínum og göllum og leyfa kostunum að glíma við gallana og fyrirgefa þá.

Hvers vegna í ósköpunum er annars svona mikið gert til þess að firra sig ábyrgð? Líka á því sem fólk skammast sín fyrir og ætti að skammast sín fyrir? Hver er orsökinn?

Það er til dæmis óttinn við að engin fyrirgefning sé til. Það er óttinn við að horfast í augu við

villu síns vegar. Það er óttinn við refsingu. Og óttinn við refsinguna blindar augun svo maður þorir ekki að trúa á fyrirgefninguna. Fyrr en það er ekkert eftir nema hin blinda uppgjöf frammi fyrir vandanum sem setur mann á hnén og ákallar Guð um hjálp - hjálp fyrirgefningarinnar.

Að elska burt það sem maður hatar

Hvað er þá fyrirgefning? Sumir óttast að það sé að sættast við það sem rangt var gert, rangindin sjálf og þann sem hið illa verk vann. Öðru nær. Við sættumst alls ekki við það. Við tökum það í burtu. Það er ekki lengur til. En til þess þarf að horfa dýpra, að horfa á kjarnann, innsta kjarna lífsins í og með öllum þeim kærleika sem okkur er gefinn. Þannig elskar maður burt það sem maður hatar. Og það er fyrirgefning.

Í ýmsum frásögnum guðspjall-anna eru atvik þar sem Jesús fyrirgefur syndir og læknar þar með bæði sál og líkama. Hann sér það sem er og það sem var, fjar-lægir það, og sá eða sú sem hann ávarpar trúir því að hann geti það.

Þess vegna mælir hann fyrir-gefningarorð sín: „Trú þín hefur frelsað þig, far þú í friði“ (Lúkasar-guðspjall 7.50). Það merkir: Þú ert heil og ný manneskja. Það sem er liðið, það er farið og kemur aldrei aftur, og framundan er hið heila, bjarta og góða líf.

Og eitt enn. Er einhver synd svo slæm að hún verði ekki fyrirgefning?

Jesús segir að sú synd að last-mæla gegn heilögum anda sé synd sem verði ekki fyrirgefning (Lúkasarguðspjall 12.10; Mark-úsarguðspjall 3.29). Að lastmæla í þessu samhengi merkir nánast að hæðast að og gera lítið úr hinum heilaga anda.

Margir guðfræðingar og biblíu-túlkendur fyrri alda, allt frá 13. öld, túlkuðu þessi orð Jesú þannig að hér væri til dæmis átt við þau sem hefðu tekið eigið líf. Þau hefðu brotið gegn heilögum anda. Á tímum Hallgríms Péturssonar var það enn algeng túlkun, en þó á undanhaldi. Í 3. versni 16. sálms Passíusálmanna, *Um Júdasar iðrun*, segir svo:

*Silfrinu á gólfð grýtti,
gekk þaðan, mjög sér flýtti,
og hengdi sjálfan sig.*

Í 16. versni sama sálms segir Hall-grímur:

*Synd á mót heilögum anda
held ég hér hafi skeð.*

Í kirkju Maríu Magdalenu í Vezelay í Frakklandi sem byggð var á 12. öld má sjá á einni af burðar-súlunum höggmynd sem á engan sinn líka svo vitað sé. Högg-myndin sýnir Jesú ganga með andaðan líkama Júdasar á öxlinni frá dauðanum til lífsins.

Mikilvægasta B-vítamínið

Kristín Þórunn Tómasdóttir, dómkirkjuprestur í Skálholtsdóm-kirkju, segir það mikil gæði að fá að taka B-vítamínið sitt reglulega.

B-vítamín eru lífsnauð-synleg og skortur á þeim getur haft slæmar afleiðingar fyrir líf og heilsu manna,“ segir í frjálsa alfræðiritinu.

Biblían er B-vítamín sem okkur eru gefin til að íhuga, njóta og læra af - bráðnauð-synleg fyrir líkama, sál og anda. Biblían er risa-fyrirbæri í menningunni og við getum nálgast hana út frá ólíkum sjónarhólum bókmenna, vistfræði, sagnfræði, heimspeki, tungumála, þýðinga, siðfræði, áhrifasögu, kynjafræði eða stjórnmála, svo eitthvað sé nefnt. Þarna er af nógu að taka.

Fyrir mér er Biblían ekki síst gjöf sem okkur er gefin til að kynnast verkum Guðs í veröldinni. Biblían er þungamiðjan í kristinni trú og í lífi þeirra sem vilja láta orð Guðs móta og leiða.

Sem prestur er ég alltaf að vinna með Biblíuna. Og ég sé hvað hún er mikið vítamín í lífi fólks. Við notum Biblíuna á ólíkan og skapandi hátt. Hér eru nokkrar leiðir til að taka upp B-vítamínið besta.

Látum ekki B-vítamín-skortinn hrjá okkur og ryðjum úr vegi því sem kemur í veg fyrir upptöku alls þess góða og skap-andi sem þar er að finna.

- Við fylgjum lestrarröðum og kíkjum á einstök ritningarvers á hverjum degi. Hér er gott að nota t.d. *Lykilorð*, sem koma út á hverju ári, og *lestraskrá Biblíufélagsins*.
- Við nýtum okkur frábært aðgengi að mannakornum á heimasíðu Biblíufélagsins (*biblian.is*) og fáum daglega biblíulestur í tölvupósti.
- Við nýtum okkur leiðir eins og *lectio divina*, þar sem við lesum í bæn og íhugun.
- Við hittumst í bænahópum og leshópum - (líka á netinu!) - og íhugum sameiginlega.
- Við hvílum í biblíulestrarröðinni sem helgihaldið okkar byggist á í messum þjóðkirkjunnar og fylgir *kirkjuárinu*.

Samhengi biblíutextanna

Snilldin við að hvíla í kirkjuárslestrunum er sú að þar fáum við ákeðið samhengi fyrir texta Biblíunnar. Stóra samhengið er auðvitað að hér *komum við saman* sem söfnuður, í kringum orð Guðs.

Annað samhengi er að í guðsþjónustunni stendur enginn texti einn - við fáum að heyra texta úr Gamla testamentinu, úr bréfum Nýja testamentisins og úr einu guðspjallanna. Þessir þrír textar mynda túlkunarramma og opna á splúnkunýjar víddir þegar við veltum fyrir okkur boðskap Biblíunnar hér og nú.

Það eru mikil gæði í því að taka B-vítamínið sitt reglulega. Það nærir og viðheldur.

Í frjálsa alfræðiritinu kemur þetta líka fram: „Ástæður fyrir því að upptaka B-vítamíns sé ekki full-nægjandi í líkamanum geta verið nokkrar.“

Við þekkjum alveg það sem stendur í vegi fyrir því að við tökum inn B-vítamínið besta. Það geta verið fordómar, sinnuleysi, streita - og bara leti (þekki þetta sjálf). En þegar við náum að stilla okkur inn á að þiggja það sem Biblían hefur upp á að bjóða opnast fjársjóður sem gerir okkur sterkari, rólegri, gagnrýnni á allt ruglið sem viðgengst í kringum okkur.

Látum ekki B-vítamínskortinn hrjá okkur og ryðjum úr vegi því sem kemur í veg fyrir upptöku alls þess góða og skapandi sem þar er að finna.



BÆKUR

„Þar er lykilinn að finna, Jesú Krist“

Karl Sigurbjörnsson var biskup Íslands og forseti Hins íslenska biblíufélags um 14 ára skeið, frá 1998 til 2012. Þegar hann féll frá 2024 skildi hann eftir sig merka sjálfsævisögu í handriti sem Veröld gaf út á bók í fyrra. Bókin heitir *Skrifað í sand – minningabrot* og fékk blaðið góðfúslega leyfi til að birta kafla sem fjallar um Biblíufélagið og kynni Karls af því.



Þannig prýða þessar bækur sem voru á heimilum og helgidómum landsins um langa hríð og sjást á ótal fermingarmyndum í hálfa öld.

Á háskólaárum mínum gerðist ég svo starfsmaður biblíufélagsins á afgreiðslu þess í Guðbrandsstofu. Það var gott að sitja undir mynd Guðbrands og svara erindum og ganga frá pöntunum á Biblíum og sálmaðókum, sem var þá á könnu félagsins. Ég kynntist mörgu góðu fólki í því starfi, forstöðumönnum hinna ýmsu trúfélaga, bóksölum um land allt og fólki sem bar útbreiðslu Biblíunnar fyrir brjósti, sem og mönnum sem jafnvel sögðust algerir trúleysingar en höfðu ástríðu fyrir að safna Biblíum á ýmsum framandi tungumálum og ég aðstoðaði við að útvega. Kristín tók svo við starfinu og gegndi því um hríð þegar ég var á lokametrunum í náminu í guðfræðideildinni.

Ein embættisskylda biskups Íslands er að vera forseti Hins íslenska biblíufélags. Það var mér einstaklega ljúf skylda og ánægjulegur þáttur í starfi mínu. Ég minnst með gleði reglubundinna stjórnarfunda með frábæru samstarfsfólki. Nú var verið að leggja lokahönd á nýþýðingu Biblíunnar, sem var mikið vandaverk. Ólík sjónarmið tókust á um málfar, hvaða meginsjónarmið skyldu ráða í frágangi textans og hver ætti að hafa síðasta orðið, þýðendur eða stjórn félagsins. Það þurfti að sigla milli skers og báru í þessum efnunum, sem ég hygg að hafi tekist farsællega í meginatriðum, þótt ýmislegt væri á annan veg en maður hefði kosið.

Haustið 2007 kom hin nýja þýðing Biblíunnar loks út. Að þessu sinni fól Hið íslenska biblíufélag JPV útgáfu að annast um prentun og útkomu bókarinnar, sem tókst afar vel til í alla staði.

Fyrsta eintakið var afhent forseta Íslands við hátíðlega athöfn í Dómkirkjunni og í framhaldi af því alþingismönnum í Alþingishúsinu, en alþingi hafði styrkt þetta verk myndarlega.

Sem vænta mátti urðu deilur um þýðinguna. Einstaka forstöðumenn annarra trúfélaga lýstu hana óhæfa og höfðu sterk orð þar um. Allt orkar tvímælis þá gert er, það á við um allar biblíuþýðingar og tilraunir til að aðlagja fornhelgan texta máli dagsins og kröfunni um tillitsemi í málvari. Deilt var um hina fornu fleirtölu, vér, oss, og ég tala nú ekki um „mál beggja kynja“ sem hart var barist fyrir. Þetta var allt afar viðkvæmt og vandasamt. Ómetanlegt var að njóta dr. Guðrúnar Kvaran málfræðings sem hafði unnið með þýðingarnefndinni, hollur ráðgjafi, traustur fræðimaður og afar smekkvís á mál og stíl. Ég er sannfærður um að þrátt fyrir einstaka galla og umdeildar ákvarðanir þá sé þessi nýja þýðing og útgáfa Biblíunnar hin vandaðasta og ég fullyrði að hún sé alla vega í ytra tilliti ein allra fallegasta útgáfa hinnar helgu bókar í langri útgáfusögu hennar á Íslandi.

Apókrýfar bækur Gamla testamentisins voru hafðar með í hinni nýju útgáfu. Árni Bergur bar veg og vanda af þeirri þýðingu, sem er frábær að öllu leyti. Það var dýrmætt að fá þessi rit aftur inn í Biblíuna. Þau voru það alla tíð meðan útgáfa Biblíunnar var í höndum Íslendinga sjálfra, allt þar til Hið breska og erlenda biblíufélag tók að sér útgáfuna fyrir hönd biblíufélagsins upp úr miðri nitjándu öld. Það minnir á að kirkjan hefur aldrei álitnið allar bækur Biblíunnar jafngildar. Þar er mikill munur á. „Esterabók nefnir aldrei Guð“ – var einu sinni ort og það er satt – og Króníkubækurnar eru gjörólíkar Davíðssálmunum en guðspjöllin bera af þeim öllum. Vegna þess að þar er lykilinn að finna, Jesú Krist. Allur boðskapur Biblíunnar bendir fram til hans. Lúther sagði að Gamla testamentið væri jatan sem Jesús var lagður í. Í ljósi hans ber okkur að lesa og túlka og leita leiðsagnar. Sérhvert rit Biblíunnar, orð og frásagnir, megum við meta í ljósi hans og út frá mælikvarða fagnaðar-erindis hans.

ERLENT

Ungt fólk vill læra meira um Biblíuna

Ungt fólk yngra en 30 ára hefur meiri áhuga á Biblíunni en eldri kynslóðir, samkvæmt nýrri norskri skýrslu. Eitthvað er að gerast meðal unga fólksins og trúleysi virðist vera á undanhaldi.

Guð er kominn aftur“ er heiti nýrrar skýrslu um samband Norðmanna við bók bókanna sem Roald Zeiffert trúarlífsfélagsfræðingur hefur skrifað. Skýrslan byggist á umfangsmikilli könnun sem biblíufélögin og Gallup hafa framkvæmt í 85 löndum. Alls svöruðu 90.000 manns spurningum um afstöðu sína til trúarbragða almennt og sérstaklega til Biblíunnar og kristinnar trúar. Könnunin sýnir meðal annars að ungt fólk hefur meiri áhuga á Biblíunni en áður.



Roald Zeiffert. Mynd: Norska biblíufélagið.

Færri eru algjörlega fráhverfir

„Við erum vön því að örvarnar í kirkjulegri tölfræði bendi allar niður á við,“ skrifar Knut Tveitereid, dósent í kennimannlegri guðfræði, í umfjöllun um skýrsluna. Meðal ungs fólks snúa örvarnar hins vegar upp á við samkvæmt

Unga kynslóðin vill gjarnan læra meira um Biblíuna en leitar ekki í skipulegt kirkjustarf.

nýjum tölum. Þeim sem alfarið hafna trú á Guð eða einhvers konar æðri mátt hefur fækkað, og trúleysi á nú erfiðara uppdráttar en áður, segir Zeiffert, höfundur skýrslunnar.

Í stóra samhenginu er Noregur veraldlegt land og lítt andlega sinnað. En eitthvað er að breytast. Meðal ungs fólks yngra en 30 ára telja tvöfalt fleiri en fullorðnir á aldrinum 30 til 70 ára að trúarbrögð séu mikilvæg í lífinu. Einnig er færra ungt fólk sem telur að enginn Guð sé til. Þá má sjá greinilega fækkun þeirra sem trúa ekki meðal ungra karla.

Ungt fólk vill læra á eigin forsendum

Unga fólkið hefur einnig jákvæða sýn á Biblíuna í miklu ríkara mæli

en aðrir aldurshópar. Það svarar alveg ótvírætt jákvætt þegar spurt er hvort Biblían geti veitt svör við mikilvægum spurningum eða hvort hún hafi eitthvað merkingarbert fram að færa um lífið nú á dögum.

Athyglisvert er að fólk sem er komið yfir sjötugt vill helst læra meira um Biblíuna í guðspjónustum og öðru helgihaldi kirkjunnar, en það á ekki við um ungt fólk. Þó að unga fólkið hafi áhuga á Biblíunni sýnir það lítinn áhuga á að sækja hefðbundnar guðspjónustur samkvæmt skýrslunni.

Ungt fólk vill frekar finna hlutina út sjálf. Það vill læra um Biblíuna í gegnum myndbönd á netinu, í samtölum við fólk með áþekkar skoðanir, eða í umræðum í litlum hópum. Þau vilja frekar ræða Biblíuna við einhvern sem þau þekkja en við sérfræðing á sviði Biblíunnar.

Áskorun fyrir kirkjurnar

Skýrslan „Guð er kominn aftur“ sýnir að kirkjan stendur frammi fyrir ýmsum áskorunum. Sú stærsta er að ná til ungu kynslóðarinnar sem vill gjarnan læra meira um Biblíuna en leitar ekki í skipulegt kirkjustarf. Roald Zeiffert lýkur skýrslunni með því að hvetja kirkjurnar til að búa fleiri undir að taka þátt í samtali um trú.

„Fundur með ungu fólki sem á persónulegt samband við Biblíuna og deilir eigin reynslu af því hvaða þýðingu hún hefur í lífi þess, getur hugsanlega stuðlað að því að ungmenni upplifi með skýrari hætti að Biblían skipti þau máli.“

Nokkrar lykilniðurstöður úr könnuninni:

- 27% hafa áhuga á að læra meira um Biblíuna.
- Aðeins 3% nefna helga texta sem mikilvægan siðferðilegan leiðarvísi.
- 70% telja að börn ættu að læra biblíusögur.
- Ungir karlar yngri en 30 ára eru meðal þeirra sem sýna Biblíunni mestan áhuga.
- Fleiri yngri en 30 ára eiga Biblíu en í aldurshópnum 30-49 ára.
- Margir upplifa Biblíuna sem merkingarbæra, sérstaklega þegar tekist er á við stórar spurningar lífsins.
- Þeir sem lesa Biblíuna reglulega segja frá aukinni nálægð við Guð og meiri styrk í áföllum.
- Skýrslan leiðir í ljós bæði tortryggni og forvitni og sýnir að trú og siðferðileg viðmið eru í ríkari mæli sótt í fjölskyldu og persónuleg gildi en til kirkju og helgra rita.



Hversu vel skilur þú ritningartextann?

TAKTU ÞÁTT Í LAUFLÉTTU VERKEFNI

Hið íslenska biblíufélag vill læra meira um **skiljanleika biblíutextans** frá 2007.

Þess vegna leitum við til þín og biðjum þig að lesa þrjá valda ritningartexta og endurskrifa þá með þínum eigin orðum. Þú getur séð ritningarstaðina á eftirfarandi slóð og leyst verkefnið rafrænt:

biblian.is/fraedsla/skiljanleiki-bibliutextans



Cham-samfélagið í Víetnam fagnaði útgáfu Nýja testamentisins á eigin tungu í mars 2024. Mynd: Quan Phan.

ÞÝÐINGAR

Aldrei fleiri þýðingar

Í fyrsta sinn í sögunni er Biblían nú aðgengileg 6,1 milljarði manna á eigin móðurmáli. Þetta er vissulega mikilvægt skref í átt að því meginmarkmiði Sameinuðu biblíufélaganna að gera ritninguna aðgengilega öllu mannkyni.

Árið 2024 var lokið við biblíu-þýðingar á 105 tungumálum sem 580 milljónir manna tala.

Sama ár fengu 74 tungumál sína fyrstu þýðingu á ritningartexta, þar af 13 táknmál. Þessi mál tala 100 milljónir manna.

Þá fengu 32 tungumál og samfélög nýjar eða endurskoðaðar biblíuþýðingar sem nýttast 480 milljónum málhafa.

Í rafrænu safni Sameinuðu biblíufélaganna eru biblíuþýðingar á 2.250 tungumálum, en það gefur ný tækifæri í auknu stafrænu aðgengi að orði Guðs.

48% tungumála enn biblíulaus

Þrátt fyrir þennan góða árangur í alþjóðlegu samstarfi biblíufélaga eru mörg brýn verkefni framundan. Biblían í heild eða að hluta

Fjölmörg tungumál veraldar eignuðust ekki ritmál fyrr en hafist var handa við að þýða Biblíuna.

er til á 52% tungumála heims, en það felur í sér að 48% tungumála hafa enn enga biblíuþýðingu. Mörg þeirra eru afar smá málsmfélög og sum málanna eru beinlínis að hverfa.

Metnaður biblíufélaganna til að breiða út fagnaðarerindið hefur ekki aðeins legið í þýðingarstarfi, heldur einnig í varðveislu ólíkra tungumála sem eiga undir högg að sækja. Ágætt dæmi um þetta er útgáfa Nýja testamentisins á suðursamísku sem sænsku og norsku biblíufélögin stóðu að (sjá mynd á forsíðu), en útgáfan var talin sérstaklega mikilvæg í ljósi skýrslu sannleiks- og sátta-

nefndarinnar sem lýsir því hvernig samísk tungumál hafa kerfisbundið verið bæld niður í Skandinavíu.

Fjölmörg tungumál veraldar eignuðust ekki ritmál fyrr en hafist var handa við að þýða Biblíuna. Með ritmáli og almennu læsi er lagður grundvöllur að menningu og menntun, frelsi og lýðræði. Þá eru ónefnd þau ómetanlegu áhrif sem Biblían hefur haft á tungu og bókmenntir fjölmargra þjóða.

155 félög í 240 löndum

Sameinuðu biblíufélögin eru vettvangur 155 biblíufélaga með starfsemi í 240 löndum og sjálfstjórnarsvæðum. Í hverju félagi eru kirkjur, tungumála-sérfræðingar og öflugir bakhjarlar sem vinna sameiginlega að því að búa Biblíuna í hendur öllu mannkyni. Sameinuðu biblíufélögin vinna nú að því að þróa þýðingar-aðferðir í breyttu tækniumhverfi og leggja áherslu á nýsköpun, stafræn verkefni og stuðning við málsmfélög sem eiga undir högg að sækja. Markmiðið er að skilja ekkert málsmfélág eftir.

DREIFING



Útgáfu Biblíunnar á Wayuunaiki-málinu fagnað í Kólumbíu 2024.

Mynd: Clara Jiménez.

150 milljónum biblíurita dreift um víða veröld

Árið 2024 voru 150 milljónir biblíurita gefnar eða seldar um heim allan, ýmist af biblíufélögum sjálfum eða í samstarfi við Sameinuðu biblíufélögin (United Bible Societies).

Biblían í heild var gefin eða seld í 22,5 milljónum eintaka, þá var 8,6 milljónum eintaka af Nýja testamentinu dreift og um 119 milljónum eintaka af einstökum hlutum Biblíunnar. Á sama tíma

var ritningartextum frá biblíufélögunum hlaðið niður á rafrænu formi um 26 milljón sinnum. Þá voru 28,3 milljarðar biblíukafla lesnir á vefnum og auk þess hlustað á einstaka kafla 1.300 milljón sinnum.

Á síðasta áratug hafa aðildarfélög Sameinuðu biblíufélaganna gefið eða selt 2,6 milljarða ritningartexta, þar af 276,9 milljónir eintaka af Biblíunni allri.



Mynd: © Biblíufélagið í Burkína Faso.

„Guð gaf mér tækifæri til að læra að lesa og skrifa á minni eigin tungu og síðan þá hefur líf mitt breyst. Þegar ég fer til helgihalds á sunnudögum er ég ekki lengur aðeins hlustandi. Ég tek með mér Biblíuna mína og les í henni. Ég hef lært að „Jesús er vegurinn, sannleikurinn og lífið“ og á því byggist trú mín.“

Naomi Gandré, sem hefur verið að læra að lesa á móðurmáli sínu, Bissa, í Burkína Faso



ERT ÞÚ Í BIBLÍUFÉLAGINU?

VERTU MEÐ!

biblian.is/vertu-med

Slm 119.18

Ljúk upp augum mínum svo að ég sjái dásemdinar í lög máli þínu.



LOKAORÐIN Guðmundur Brynjólfsson

Mannbætandi, hvert með sínum hætti

Manni finnst það alltaf jafn undarlegt þegar maður heyrir fólk tala um Biblíuna eins og um eina bók sé að ræða: „Biblían, þetta er bara einhver trúarskrudal!“ – eða – „Hvaða er fólk að taka mark á einhverri bók sem var skrifuð fyrir mörg þúsund árum í annarri heimsálfu!“

Biblían er margar bækur, mörg rit, bundin í eina bók. Sum skrifuð fyrir „mörg þúsund árum“, önnur fyrir rétt um 2000 árum. Í Biblíunni má finna, svo eitthvað sé nefnt: Sögu Hebrea og bókmenntir þeirra, spádómsrit, heimsslita-


Biblían er margar bækur, mörg rit, bundin í eina bók.

bókmenntir, ljóð, sálma, kenningu Jesú Krists og útlæggingu hennar – yfirleitt í bréfaformi.

Eins og sjá má af þessari grófu upptalningu er af mörgu að taka og allir ættu að geta fundið eitt-hvað við sitt hæfi.

Persónulega er ég hrifnastur af guðspjöllunum og af þeim finnst mér Jóhannesarguðspjall mest heillandi. Af bréfunum eru það Jakobsbréfið og bréf Páls til Filippímanna auk Jóhannesarbréfa anna sem ég hef mestar mætur á. Í Gamla testamentinu eru það einstaka sálmar og svo hin magnaða Jobsbók og Prédikarinn. Það er nú svo skrítið, eða ekki skrítið, að þessi rit sem ég hef nefnt eru í senn þau sem ég hef orðið fyrir mestum áhrifum af og ég trúi að megí á stöku stað sjá merki þeirra áhrifa í sumum verka minna sem rithöfundur, en um leið eru þetta þau rit sem hafa veitt mér mest trúarlega, styrkt mig og vonandi bætt mig sem manneskju.

Staðreyndin er nefnilega sú að þessi mörg þúsund ára skrudda úr annarri heimsálfu er með einhverjum afar sérstökum hætti mannbætandi, hvert rit í henni með sínum hætti. Þar standa fremst guðspjöllin, hið heilaga orð Jesú Krists.



EFTIRLÆTISVERS Rósa Guðbjartsdóttir alþingismaður

Allt sem þér viljið að aðrir ...

Uppáhaldsversió mitt er: „Allt sem þér viljið að aðrir menn gjöri yður, það skuluð þér og þeim gera“ (Matteusarguðspjall 7.12).

Með öðrum orðum: „Komdu fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig.“

Ég hef reynt að hafa þetta að leiðarljósi í lífinu, en að mínu mati skiptir það miklu máli í öllum mannlegum samskiptum, hvar sem er og hvenær sem er. Að geta sett sig í spor annarra er mikils virði. Að geta borið virðingu fyrir ólíkum sjónarmiðum, ólíkri hegðun, viðbrögðum og fram-

ferði, ekki síður. Það hefur reynst mér vel að hafa þetta sem mest í heiðri. Einnig hef ég haldið þessum boðskap miknið á lofti við uppeldi barna minna. Stundum

Innihald og merking versins hefur djúpa og víðtæka skírskotun.

þurfti maður að láta þau spyrja sig: „Myndirðu vilja að einhver segði svona við þig, gerði þetta við þig?“ o.s.frv. Það fær börnin til að hugsa og setja sig í spor annarra. Einnig að þau spyrji sig þegar tilteknað aðstæður koma upp: „Hvernig myndi ég vilja að þessi eða hinn kæmi fram við mig?“

Innihald og merking versins hefur djúpa og víðtæka skírskotun í dagsins önn og á alltaf við, jafnt inni á heimilinu, vinnustaðnum eða annars staðar. Að tileinka sér slíkt viðhorf ætti að reynast öllum vel í lífinu.



„Ég hef reynt að hafa þetta að leiðarljósi í lífinu,“ segir Rósa Guðbjartsdóttir alþingismaður. Mynd: hafnarfjorder.is.

MEÐMÆLIN

Að skoða söguna af Jesú sem eina samfellu

Á síðastliðnu ári kom út bók sem ekki hefur farið hátt í umræðunni en er allrar athygli verð þar sem höfundur leitast við að raða saman textum guðspjallanna í eina heildstæða frásögn.

Bókin sem hér um ræðir heitir *Ævi Jesú og orð samkvæmt guðspjöllunum fjórum* og er eftir Karl Sigurbjörnsson biskup. Í bókinni gerir Karl tilraun til að segja söguna af Jesú í rétttri tíma-röð, þ.e. þeirri röð sem hann telur gagnast best til að skilja líf Jesú, bæði atburði og orð hans.

Efnið er sett fram á aðgengi-legan hátt, eftir ákveðinni tíma-línu, en lesandanum er þó bent á hvar í guðspjöllunum nákvæmlega hverja frásögn er að finna. Þannig nýtist bókin bæði sem sjálfstæð frásögn og sem uppflettirit eða leiðarvísir um guðspjöllin.

Aðferð byggð á ævaforri hefið

Á bókarkápu segir að Karl feti í slóð margra guðfræðinga og hugsuða fyrri alda með því að spreyta sig á því að raða textum guðspjalla-



anna saman í eina heildstæða frásögn.

Guðfræðingar hafa frá fornu fari velt eftirfarandi spurningu fyrir sér: „Hvernig lítur ævi Jesú út ef við leggjum allt saman í eina samfellda sögu?“ Það er það sem Karl gerir í bókinni og hugmyndin er svo sannarlega ekki ný af nál-inni; hún er hluti af aldagamalli hefð sem hefur oft verið kölluð „samræming guðspjallanna“.

Guðspjöllin fjögur segja öll frá Jesú, en þau raða atburðum ekki alltaf í sömu röð og sum segja frá atburðum sem önnur sleppa. Þá getur sama atvik verið í ólíkum búningi, með mismunandi orðalagi, gerst á mismunandi tíma og byggst á ólíku sjónarmiði.

Tatían (2. öld) var einn sá fyrsti

sem gerði atlögu að þessu með biblíuheimildinni *Díatessaron*, en hann tók texta úr öllum guðspjöllunum og fléttaði saman í eina samfellda frásögn af ævi Jesú.

Ágústínus (4.-5. öld) skrifaði um samræmi guðspjallanna (*De consensu evangelistarum*) þar sem hann reyndi að skýra hvers vegna frásagnirnar eru ólíkar og jafnframt sýna fram á að þær stönguðust ekki á, heldur lýstu sömu atburðum aðeins frá mismunandi sjónarhornum.

Í gegnum allar miðaldir og fram á okkar daga hafa guðfræðingar gert samskonar tilraunir. Markmiðið hefur jafnan verið að sjá heildarmyndina, að vera Jesú samferða, fylgja honum á göngunni í jarðnesku lífi hans.

Orð Guðs fyrir hvern dag

Lykilorð

2. janúar, föstudagur

Guðstætt, blessað þú er drottinn, hlað sem lagna.

Guðstætt, blessað þú er drottinn, hlað sem lagna.

Guðstætt, blessað þú er drottinn, hlað sem lagna.

Lykilorð 2026

2. janúar, föstudagur

Guðstætt, blessað þú er drottinn, hlað sem lagna.

Guðstætt, blessað þú er drottinn, hlað sem lagna.

Guðstætt, blessað þú er drottinn, hlað sem lagna.

Lykilorð 2026

2. janúar, föstudagur

Guðstætt, blessað þú er drottinn, hlað sem lagna.

Guðstætt, blessað þú er drottinn, hlað sem lagna.

Guðstætt, blessað þú er drottinn, hlað sem lagna.

Lykilorð færa þér texta úr Biblíunni, vers fyrir hvern dag ársins, því Guð vill tala til þín úr orði sínu.

KILJA – til sölu á Netinu og í næstu bókabúð

Rafbók – fylgir frítt með hverri keyptri kilju

Hljóðvarp – textar dagsins lesnir upp

Samfélagsmiðlar – og þeim deilt og tíst

Fylgdu okkur eftir, hlustaðu, lestu!

lykilord.is

postur@lykilord.is

sími 864 8790

KANNAÐU ÞEKKINGUNA

- Hvað gerði Páll í Róm?**
A. Sótti um ríkisborgararétt
B. Gekk í rómverska herinn
C. Boðaði Guðs ríki og fræddi um Jesú
- Hverju kastaði Móse í rammt vatnið svo að það varð ferskt?**
A. Steini
B. Tré
C. Skóm
- Hvaða frægu orð lét Job falla þegar hann hafði misst allar eigur sínar og börnin sín?**
A. Nú skal hefna niðings verks
B. Leita skal ég ásjar konungs
C. Drottinn gaf og Drottinn tók, lofað veri nafn Drottins
- Þegar Guð tók eitt af rifjum Adams var Adam ...**
A. Fyrir utan aldingarðinn Eden
B. Í djúpum svefni
C. Að hugleiða undir skilnings-trénu
- Í Sálmunum 61 eru notuð mörg hugtök til að lýsa vernd Guðs – hvaða hugtak er ekki meðal þeirra?**
A. Vængir
B. Tjald
C. Tré
- Hvaða tengdadóttir fór frá Naomí, eins og boðið var?**
A. Orpa
B. María
C. Rut
- Ef allar þjóðir lofa Guð, hvað hendir þá jörðina:**
A. Hún mun ofhitna
B. Hún mun blessun hljóta
C. Hún mun líða undir lok
- Hvers konar kjöt átti Esaú að veiða handa föður sínum Ísak?**
A. Geit
B. Lamb
C. Villibráð
- Hvaða dýr reika um Síonarfjall sem er í eyði?**
A. Hundar
B. Refir
C. Úlfar

Svör neðst á bls. 6

Matt 7.7
Biðjið og yður mun gefast, leitnið og þér munuð finna.